

Mig - en pige

Hvad lillebror kunne huske

Ordbog

Pinligt!

Lærervejledning

Dreamteam

Uret der gik sine egne veje

Når det bliver mørkt

Skelettet på hjul

Vinnie Vampyr

Hundrede helt & aldeles firkantede historier

Höfundaréttur á sögum í Pinligt!

- © 1994. Per Nilsson. *Uret der gik sine egne veje*. Thorup.
- © 1995. Lena Eilstrup. *Mig – en pige*. Boregn.
- © 1999. Louis Jensen. *Skelettet på hjul*. Gyldendal.
- © 2000. Bent Haller. „Hvad lillebror kunne huske“. *Ispigen og andre fortællinger*. Høst & Søns Forlag.
- © 2001. Jim Højberg. *Vinnie Vampyr*. Gyldendal.
- © 2003. Kim Fupz Aakeson. *Ordbog*. Gyldendal.
- © 2005. Louis Jensen. *Hundrede helt & aldeles firkantede historie*. Gyldendal.
- © 2006. Dorte Roholte. „Når det bliver mørkt“. *Det spøger – femten nordiske gys*. Phabel.
- © 2006. Glenn Ringtved. „Dreamteam“. *Lad fødderne tale*. Gyldendal.
- © 2008. Henrik Nilaus. *Pinligt!* Gyldendal.

Pinligt!

Lærervejledning

- © 2010 Harpa Jónsdóttir tók saman
- © 2010 teikningar: Karl Jóhann Jónsson
- Ritstjóri: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2010

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Vefútgáfa



Lærervejledning

Kennsluleidbeiningar

Pinligt! samanstandur af 10 smásögum og bókaköflum úr nýlegum dönskum bókum, og einni sænskri (þýddri) bók. Sú elsta Mig – en pige er gefin út árið 1993, sú nýjasta, Hundrede helt & aldeles firkantede historier, er frá árinu 2007.

Við val á sögunum var mikilvægasta viðmiðið að sögurnar væru vandaðar, að þær væru „alvöru bókmenntir“ en ekki tilbúnir kennslubókartextar. Þær þurftu að höfða til unglunga, vera hæfilega langar og ekki of erfðar aflestrar. Reyndir dönskukennarar og fjöldi nemenda, víðs vegar að af landinu, komu að valinu, lásu sögurnar og gáfu góð ráð og umsagnir. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag.

*Vík, ágúst 2010
Harpa Jónsdóttir*

- *Mig – en pige*, eru nokkrar blaðsíður úr samnefndri bók Lenu Eilstrup. Bókin er sú fyrsta í þriggja bóka seríu, sem náði miklum vinsældum. Eilstrup fékk austurrísku barnabókaverðlaunin fyrir bókina.
- Hvað lillebror kunne huske er smásaga eftir Bent Haller úr bókinni *Ispigen og andre fortællinger*. Haller er margverðlaunaður og virtur höfundur. Fyrir *Ispigen* fékk hann barnabókaverðlaun norrænna skólabókasafnvarða.
- *Ordbog*, í *Pinligt!* eru þrjár orðskýringar úr hinni frumlegu og bráðskemmtilegu orðabók Kim Fupz Aakeson. Aakeson er mikilvirkur teiknari og rithöfundur sem er þekktur fyrir sinn hlýja húmor og sérstaka sýn á lífið og tilveruna. Aakeson hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín.
- *Hundrede helt & aldeles firkantede historier* er safn af einstökum ferköntuðum sögum eftir Louis Jensen, þar sem húmorinn er aldrei langt undan og allt getur gerst. Ein af þessum sögum er í *Pinligt!* Louis Jensen hefur hlotið fjölda verðlauna, meðal annars hin virtu HC Andersen-verðlaun.
- *Pinligt!* bækurnar eftir Henrik Nilaus hafa notið mikilla vinsælda og þær voru nýlega útgafnar í endurskoðaðri útgáfu. Kaflinn í lestrarbókinni er úr upprunalegri útgáfu fyrstu bókarinnar.

- Dreamteam – *Lad fødderne tale* er önnur bókin úr níu bóka seríu Glenn Ringtved. Bækurnar um fótboltastrákinn P og vini hans slógu rækilega í gegn og njóta stöðugra vinsælda. Ringtved hefur hlotið verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín – nú síðast Pippi-verðlaun Gyldendal árið 2007.
- *Uret der gik sine egne veje* er eftir hinn þekktu sænska höfund Per Nilsson. Nilsson var meðlimur í sænsku barnabókaakademíunni frá 1997–2010. Hann hefur fengið mörg verðlaun fyrir verk sín, meðal annars Astrid Lindgren-verðlaunin og Los Angeles Times-bókmenntaverðlaunin.
- Sagan Når det bliver mørkt eftir Dorte Roholte er úr norræna smásagnasafninu *Det spøger*. Roholte er vinsæll og afkastamikill barna- og unglingabókahöfundur.
- *Skelettet på hjul* er eftir Louis Jensen – höfund ferköntuðu sögunnar. Kaflinn í *Pinligt!* er úr upphafi bókarinnar. *Skelettet på hjul* er engin venjuleg barna/unglingabók. Í henni er tekist á við hina klassísku baráttu góðs og ills á ljóðrænan, en líka nokkuð harkalegan hátt. Fljótlega eftir að við yfirgefum Martin segir ljósengill honum að Trofast geti lifnað við og fengið sál sína aftur, ef hann fari með beinagrindina til Narrans niðri í stóra bænum við veginn. Martin sýður hundslíkið, svo að kjötið losni frá beinunum og límir svo beinagrindina vandlega á plötu með legóhjólum undir. Hann setur ljós í hauskúpuna og leggur af stað í ævintýrlega ferð með Tsafort (Trofast aftur á bak) en það verður beinagrindin að heita, þangað til hún lifnar við aftur.
- *Vinnie Vampyr* er léttlestrarbók eftir Jim Højberg. Højberg er virkur og vinsæll höfundur. Hann hefur skrifað töluvert af léttlestrarbókum og hefur sérstakan áhuga á að auka úrvalið af skemmtilegum auðlesnum bókum, en hann er sjálfur lesblindur.

Markmið og leiðir

Markmið lesbókarinnar er að þjálfar nemendur í að lesa og skilja danska texta og efla áhuga þeirra á dönsku máli og bókmenntum. Með lestri danskra texta öðlast nemendur einnig aukinn orðaforða og máltilfinningu, eins og segir í kaflanum um erlend tungumál í aðalnámskrá grunnskóla: „Við lestur eykst máltilfinning og því meira sem lesið er því meira bætist við orðaforðann. Þar fyrir utan getur lestur veitt lesandanum ánægju og innsýn í aðra heima.“¹

Verkefnabókinni er ætlað að dýpka skilning nemenda á textunum, þjálfar skriflega og munnlega tjáningu á dönsku og gefa nemendum tækifæri til að vinna með málið á fjölbreyttan hátt. En henni er einnig ætlað að vekja almennar spurningar um lífið og tilveruna sem kvikna út frá textunum sjálfum, en tengjast ekki endilega dönskunáminu eingöngu. Því eins og skýrt er tekið fram í aðalnámskránni, þá á tungumálanám „... eins og allt nám að vera þroskandi og búa nemendur undir að verða ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar.“²

Pinligt! er ætluð nemendum í efri bekkjum grunnskóla sem hafa náð nokkuð góðum tókum á dönsku.

Verkefnabókin

Verkefnin í verkefnabókinni eru misþung. Sum eru létt og kunnugleg, eins og listinn yfir verkefni dagsins í *Uret der gik sine egne veje* og krossgáturarnar. Önnur eru vafalaust snúin fyrir marga.

Tekin var meðvituð ákvörðun um að merkja verkefnin ekki sérstaklega, hvorki eftir þyngd eða bekk. Það sem einum finnst erfitt getur öðrum fundist auðvelt og þar getur áhugasvið ráðið jafn miklu og aldur og kunnátta.

Það er ekki gert ráð fyrir að allir nemendur leysi öll verkefnin. Miklu fremur er reiknað með að kennarar – og nemendur – velji verkefni eftir getu og ekki síst áhuga. Almennt er reiknað með að verkefnin séu leyst á dönsku. Á því eru þó undantekningar. Í erfiðari verkefnunum getur verið gott að slaka á kröfum um kórrétt mál og hvetja nemendur frekar til tjáningar, þótt eitthvað vanti upp á orðaforða eða málfræðikunnáttu.

Sjálfsagt er að hvetja nemendur til að notfæra sér orð og setningar úr sögunum við úrlausn verkefnanna.

Mörg verkefnanna eru sérstaklega merkt sem hópverkefni en það er hægt að hjálpast að við flest þeirra og það getur vafalaust verið til bóta fyrir marga.

Nokkur teikniverkefni eru í verkefnabókinni. Ef nemendur eru ragir við að teikna, eða efast um hæfileika sína á því sviði, getur verið gott að benda þeim á verk Hugleiks Dagssonar, en hann hefur náð langt með afar einföldum teikningum. Klippimyndir eru líka miðill sem margir þekkja vel og þær má nota í staðinn fyrir teikningar.

Gagnlegar slóðir

Slóðir sem vísað er á í vinnubókinni:

<http://dansermeddrenge.dk>

<http://www.festlige-sange.dk>

<http://brondbysange.dk>

Orðabækur og fleira:

<http://synonym.ofoforum.dk/>

<http://ordnet.dk/ddo>

<http://www.rimordbog.dk/>

<http://sproget.dk/raad-og-regler>

<http://www.denstoredanske.dk>

Adrar gagnlegar slódir

<http://www.e-soeg.dk/festsange/konfirmationssange/>

<http://www.sjovedanske.sange.dk/Konfirmationssange.html>

http://www.konfirmationsportalen.dk/skriv_konfirmationssange.php

<http://www.sm.dk/Temaer/sociale-omraader/Udsatte-voksne/hjemloese/Sider/Start.aspx>

<http://www.udenfor.dk/dk/Menu/Viden+om+hjemløshed>

<http://www.givdinhaand.dk>

http://da.wikipedia.org/wiki/Den_sorte_død

<http://www.natmus.dk>

<http://www.angelfire.com/de/idril/death.html>

<http://da.wikipedia.org/wiki/Vampyr>

<http://www.berlingske.dk/kultur/vi-er-bidt-af-vampyrer>

<http://jimhojberg.dk/wp-content/uploads/Vinnie-Vampyr1.mp3>

Lausnir

Vinnublað bls. 3

		¹ F	O	R	T	R	O	² L	I	G	H	E	³ D
								Y					E
								K					S
	⁴ B							K					S
⁵ C	H	O	⁶ K	O	L	A	D	E					E
			Y					L					R
			S		⁷ V	E	N	I	N	D	E		T
								G					
		⁸ K	Æ	⁹ R	E	S	T	E	R			¹⁰ S	
		L		O				R					E
		A		¹¹ S	A	F	T	E	V	A	N	D	
		S		E									D
		S		R									E
		E											L

Vinnublað bls. 9

W	V	S	X	M	K	F	G	J	E	E	H	I
I	R	Y	F	J	F	N	K	E	T	G	F	X
T	Ø	L	A	T	I	P	S	O	H	J	L	T
N	V	X	U	G	W	V	M	N	V	R	U	H
F	L	X	X	R	O	R	B	E	L	L	I	L
X	R	I	Q	U	N	D	E	R	L	I	G	T
D	A	L	G	E	G	I	L	J	N	L	C	S
E	K	S	R	E	J	E	L	P	E	G	Y	S
I	C	G	R	L	H	E	L	B	R	E	D	E
F	U	G	L	R	N	C	X	U	Z	H	N	F
Z	U	P	Y	F	V	Æ	R	E	L	S	E	L
R	B	G	T	A	N	K	E	F	U	L	D	G
R	Q	I	L	C	X	L	T	H	H	E	F	O

Vinnublað bls. 50

							¹ F					
² M			³ H	V	I	D	L	Ø	G			
I							A					
⁴ D	R	O	N	N	I	N	G					
N							E					
A		⁵ M	A	K	K	E	R					
T		Å					M					
		N					U			⁶ B		
		E		⁷ P	E	R	S	I	L	L	E	
		N									O	
								⁸ V			D	
								A				
								M				
								P				
								Y				
							⁹ K	O	R	S		

1 – Aðalnámsskrá grunnskóla – Erlend tungumál. 2007:7

2 – Aðalnámsskrá grunnskóla – Erlend tungumál. 2007:6

Pinligt!



NÁMSGAGNASTOFNUN
09884